



Ársskýrsla forsætisráðherra 2017



1 Ávarp forsætisráðherra

Ársskýrsla ráðherra er nú lögð fram í fyrsta sinn eftir að Alþingi samþykkti lög um opinber fjármál. Skýrslunni er ætlað að varpa ljósi á þau verkefni sem unnið hefur verið að í forsætisráðuneytinu, hvaða fjármunum hefur verið varið til þeirra og hvernig þeir hafa verið nýttir.

Skýrslan er gefin út fyrir árið 2017 en á því ári sátu þrír forsætisráðherrar. Núverandi ríkisstjórn tók til starfa hinn 1. desember síðastliðinn. Því er ljóst að þessi ársskýrsla miðast einkum við stjórnarsáttmála og pólitískar áherslur fyrri ráðherra.

Þó nokkrar breytingar urðu á ráðuneytinu á árinu 2017 með flutningi á málaflokkum þjóðmenningar frá forsætisráðuneyti til mennta- og menningarmála ráðuneytis í upphafi ársins. Hagstofa Íslands fluttist síðan frá ráðuneytinu í janúar og aftur til þess í desember og þá fluttust málefni Seðlabanka Íslands til ráðuneytisins í janúar sama ár.

Í umhverfi sem getur verið miklum breytingum háð er þörf fyrir ákveðna festu. Ráðuneytið vann á árinu 2017 að því að koma á skipulögðu verklagi hvað varðar ut anumhald og eftirfylgni með stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar í þeim tilgangi að skýra sýn á aðalatriðin og framvindu verkefna. Kjörtímabil hvernar ríkisstjórnar er að jafnaði fjögur ár, ár sem geta verið fljót að líða.



Því er mikilvægt að pólitískar áherslur séu strax settar á dagskrá í upphafi kjörtímabils. Yfirstjórn stefnumála er enn fremur í samræmi við hlutverk ráðuneytisins, samkvæmt forsetaúrskurði, þar sem segir að ráðuneytið fari með forystu og samhæfingu innan Stjórnarráðsins.

Viðvarandi verkefni innan ráðuneytisins á árinu, sem og næstu ár, er innleiðing á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Á árinu var unnið að endurskoðun peningastefnu, starfshópur um hlutverk lífeyrissjóða í uppbyggingu atvinnulífs var settur á laggirnar og grunnur var lagður að stöðugleikasjóði svo eitthvað sé nefnt. Þá var ráðherranefnd um jafnréttismál endurvakin af ríkisstjórninni í desember og er henni ætlað að framfylgja stefnu ríkisstjórnarinnar um jafnrétti kynjanna og jöfn tækifæri fyrir alla.

Það er von mín að þessi skýrsla, sem og skýrslur annarra ráðuneyta, stuðli að auknu gagnsæi í stjórnsýslunni þegar kemur að ákvörðunum um opinber framlög til samfélagslegra verkefna og meðferð þeirra. Slíkt gagnsæi er nauðsynlegt fyrir upplýsta umræðu á jafnræðisgrundvelli.

Katrín Jakobsdóttir
forsætisráðherra



2 Árið 2017 – tímalína

Þrjár ríkisstjórnir sátu á árinu 2017. Hinn 11. janúar tók ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Bjartrar framtíðar og Viðreisnar undir forsæti Bjarna Benediktssonar við af stjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, sem Sigurður Ingi Jóhannsson hafði leitt. Hinn 30. nóvember tók við ríkisstjórn Vinstri grænna, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks undir forystu Katrínar Jakobsdóttur.

JANÚAR
Ríkisstjórn DAC
tekur til starfa

MARS
Fjármagnshöft
afnumin á ein-
staklinga, fyrirtæki
og lífeyrissjóði

MAÍ
Þjóðaröryggisráð
kemur saman í
fyrsta sinn

JÚLÍ
Salvör Nordal
skipuð nýr um-
boðsmaður barna

SEPTEMBER
Ísland mælist efst á
Positive Economy
Index fyrir árið 2017

DESEMBER
Ríkisstjórn VDB
tekur til starfa

Ráðherranefnd um
jafnréttismál sett á
lagginnar að nýju

FEBRÚAR
Sérfræðingahópur
um stöðugleika-
sjóð skipaður

APRÍL
Ný ráðuneyti dóms-
mála og samgöngu-
og sveitarstjórnar-
mála sett á fót

JÚNÍ
Starfshópur um
hlutverk lífeyris-
sjóða í uppbygg-
ingu atvinnulífs
stofnaður



Sigurður Ingi Jóhannsson
forsætisráðherra



Bjarni Benediktsson
forsætisráðherra



Katrín Jakobsdóttir
forsætisráðherra





	Alls	Karlar	Konur
Mannfjöldi í lok árs 2017	348.450	177.600	170.850
Atvinnuþátttaka 16-74 ára	82,6%	86,2%	78,7%
Atvinnuleysi 16 - 74 ára	2,8%	2,8%	2,7%
Vinnutími 16-74 ára á viku	39,9	43,3	35,7
Aðfluttir umfram brottflutta	8.240	5.567	2.673
Kosningaþátttaka í alþingis- kosningum 28. október 2017	81,2%	80,3%	82,1%

Fjöldi erlendra ferðamanna til landsins **2,3 milljónir**

Heildarafli íslenskra fiskveiðiskipa **1.176.889 tonn**

Íslendingar – fjórða hamingjusamasta þjóð í heimi.



Ríkisstjórn og ráðherranefndir

Ríkisstjórnarfundir eru megin samráðs- og samhæfingarvettvangur ráðherra í ríkisstjórn Íslands. Öll lagafrumvörp og þingsályktunartillögur sem ráðherrar hyggjast leggja fram á Alþingi þurfa áður að koma til umfjöllunar í ríkisstjórn. Sama gildir um önnur mikilvæg stjórnarmálefni, sbr. 17. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. laga um Stjórnarráð Íslands. Ráðherranefndir eru skipaðar til að fjalla um einstök mál og málaflokka. Tvær ráðherranefndir skulu ávallt vera starfandi, ráðherranefnd um ríkisfjármál og ráðherranefnd um efnahagsmál, sbr. 9. gr. laga um Stjórnarráð Íslands. Með sama hætti og ríkisstjórnarfundir er tilgangur ráðherranefndafunda að tryggja samráð og samhæfingu milli ráðherra, einkum þar sem framkvæmd stjórnarmálefna skarast. Þá gegna ráðherranefndafundir mikilvægu hlutverki við undirbúning mála áður en þau koma til umfjöllunar og afgreiðslu í ríkisstjórn.

Á árinu 2017 voru starfandi fjórar ráðherranefndir; ráðherranefnd um ríkisfjármál, ráðherranefnd um efnahagsmál, ráðherranefnd um samræmingu mála og loks ráðherranefnd um jafnréttismál sem var endurvakin í desember með tilkomu nýrrar ríkisstjórnar.

46

ríkisstjórnarfundir

4

fundir í ráðherra-
nefnd um samræm-
ingu mála

41

fundur í ráðherra-
nefnd um ríkisfjármál
og efnahagsmál

Árið 2017 veitti
forsætisráðherra

19


skrifleg svör við fyrir-
spurnum frá
þingmönnum



3 Starfsemi ráðuneytis – samantekt

Hlutverk ráðuneytisins og uppbygging:

Hlutverk forsætisráðuneytisins er að veita forsætisráðherra faglega þjónustu og ráðgjöf, tryggja faglega umgjörð um störf ríkisráðs, ríkisstjórnar og ráðherranefnda, vinna að framgangi stefnumála ríkisstjórnarinnar, veita ráðgjöf um verkaskiptingu milli ráðherra og ráðuneyta og vinna að vönduðum undirbúningi stjórnarfrumvarpa. Þá fer ráðuneytið með framkvæmd stjórnarmálefna sem undir ráðuneytið heyrir á hverjum tíma samkvæmt forsetaúrskurði, þar á meðal þjóðhagsmál. Forsætisráðuneytið hefur forystu og samhæfingarhlutverk innan Stjórnarráðs Íslands.



Æðsti yfirmaður forsætisráðuneytis er forsætisráðherra. Æðsti embættismaður ráðuneytisins er ráðuneytisstjóri, sem stýrir daglegum rekstri þess.

Hjá forsætisráðuneytinu starfa:



21 kona
Meðalaldur
48 ár



20 karlar
Meðalaldur
56 ár

Nánari útfærslu skipurits forsætisráðuneytis má finna hér:

<https://www.stjornarradid.is/raduneyti/forsaetisraduneytid/skipulag/>

Fjöldi nýrra mála í málaskrá á árinu 2017: **1.297**

Fjöldi nýrra skjala á árinu 2017: **22.985**

Skráður innkominn tölvupóstur í málaskrá á árinu 2017: **14.905**



Skrifstofur forsætisráðuneytis

Skrifstofa yfirstjórnar

Skrifstofa yfirstjórnar heldur utan um málefni ríkisstjórnar og ríkisráðs og hefur almenna umsjón með störfum ráðherranefnda. Skrifstofan hefur umsjón með framfylgd laga um Stjórnarráð Íslands og reglusetningu á grundvelli þeirra. Skrifstofan heldur utan um samskipti við Alþingi og forseta Íslands. Þá annast hún skipulagningu á alþjóðasamskiptum forsætisráðherra. Skrifstofan heldur utan um svörun fyrirspurna og upplýsingaþeigna frá fjölmiðlum sem og umsjón með vef ráðuneytisins og svæðum á samfélagsmiðlum. Málefni er varða ríkisskjalдарmerkið, þjóðfána Íslands og þjóðsöng Íslendinga heyrar undir skrifstofuna. Þá heyrir málaskrá ráðuneytisins og skjalasafn undir skrifstofuna. Loks veitir hún forsætisráðherra og ráðuneytisstjóra ráðgjöf á ýmsum sviðum, svo sem lögfræðiráðgjöf, ráðgjöf á sviði utanríkismála, þjóðaröryggismála o.fl.

Skrifstofa fjármála

Skrifstofan sér um fjármál, rekstur og áætlanagerð forsætisráðuneytisins og hefur eftirlit með rekstri stofnana. Skrifstofan sér um starfsmannahald og leiðir mannauðsmál ráðuneytisins. Þá annast hún utanumhald með stefnu-

mótunarvinnu og eftirfylgni í samræmi við ný lög um opinber fjármál hvað varðar stefnur málefnaþeigna, málaflokka og ríkisaðila sem undir ábyrgðarsvið ráðuneytisins heyrar. Fasteignir, eignamál og öryggisvakt heyrar einnig undir ábyrgðarsvið skrifstofunnar.

Skrifstofa stefnumála

Skrifstofa stefnumála vinnur að eftirfylgni með stefnu ríkisstjórnarinnar, stefnumótun, samhæfingu lykilverkefna sem gengur þvert á ráðuneyti, framtíðarþróun og sjálfbærni, þjóðhagsmál og almenna hagstjórn.

Skrifstofan er stuðningssveit við ráðherra og ríkisstjórn og tekur að sér samhæfingu verkefna á milli ráðuneyta, leiðir stór áhersluverkefni, veitir ráðuneytum aðhald við framfylgd stjórnarsáttmála og hefur yfirsýn yfir efnahagsmál. Mestu skiptir að það sé nægilegur sveigjanleiki til staðar til að skipta um áherslur eftir því hvað efst er á baugi hverju sinni.

Skrifstofa löggjafarmála

Skrifstofa löggjafarmála hefur það hlutverk að stuðla að vandaðri lagasetningu í víðum skilningi, svo sem varðandi málfar og skýrleika, lagatæknileg atriði, samræmi við stjórnarskrá og aðra löggjöf, undirbúning, innleiðingu, framkvæmd og endurmat löggjafar. Í þessum tilgangi eru öll stjórnarfrumvörp lesin yfir, umsagnir gefnar til ríkisstjórnar og upplýsingum og fræðslu miðlað til fagraðuneyta.



Helstu verkefni ársins 2017

Hér á eftir er umfjöllun um nokkur þeirra verkefna sem unnið var að í ráðuneytinu á árinu 2017.

Bættar tölfræðiupplýsingar

Forsætisráðuneytið setti sér það markmið á árinu 2017 að skapa betri umgjörð utan um tölfræðiupplýsingar í Stjórnarráðinu.

Upplýsinga- og fjarskiptabyltingin hefur leitt til mikils magns tölfræðiupplýsinga. Þær flæða hratt um heiminn í miklum mæli. Oft leiðir þessi þróun til ofgnóttar upplýsinga og skilur almenning eftir án þess að nærri allir átti sig á inntaki einstakra mála. Stjórnvöldum ber að vinna bug á þessu með því að setja fram og vinna með vandaðar tölfræðiupplýsingar sem standast ítrustu gæðakröfur.

Forsætisráðuneytið hefur á að skipa sérfræðingi í tölfræði sem leiðir vinnu við trausta og vandaða framsetningu tölfræðiupplýsinga á vegum Stjórnarráðsins. Hlutverk hans er að sjá til þess að forsætisráðherra og aðrir ráðherrar hafi aðgang að nýjustu og bestu tölfræðiupplýsingum og geti miðlað þeim. Í starfinu felst uppbygging þekkingar, þekkingaryfirfærsla til starfsmanna, ráðgjöf og fræðsla.





Stefnumótunarhlutverk forsætisráðuneytisins styrkt

Forsætisráðuneytið vinnur að auknum gæðum stefnumótunar og samþæfingu stefna. Þannig var stefnuráði komið á laggirnar árið 2015 undir forystu forsætisráðuneytisins til að tryggja gæði og samþæfingu stefna.

Í ráðuneytinu var á árinu 2017 mótað verklag um eftirfylgni með stjórnarsáttmála sem getur nýst ríkisstjórnnum til framtíðar. Í upphafi árs var stjórnarsáttmálinn greindur í verkefni og farið yfir þau með ráðuneytum. Óskað var eftir að verkefni í stjórnarsáttmála fléttuðust inn í markmiðasetningu málefnasviða í fjármálaáætlun. Í tengslum við birtingu fjármálaáætlunar urðu til á milli 30-40 innri kjarnamarkmið ríkisstjórnarinnar.

Dæmi um kjarnamarkmið 2017:



Bætt þjónusta við sjúklinga

- Hlutfall sjúklinga sem lokið hafa meðferð á legudeildum sérhæfðra sjúkrahúsa og bíða eftir annars konar þjónustu lækki úr 20% í 10% fyrir árið 2022.
- Bið eftir liðskiptaaðgerðum á hné og mjöðm, augnsteinnaaðgerðum og völdum kven-sjúkdómaaðgerðum verði innan við 90 dagar árið 2022.



Auka nýliðun kennara í leik-, grunn- og framhaldsskólum

- Fram til ársins 2022 hækki hlutfall kennara yngri en 40 ára á leikskólastigi úr 30% í 40%, á grunnskólastigi úr 28% í 37% og á framhaldsskólastigi úr 24% í 32%.



Draga úr kynbundnum launamun

- Á tímabilinu 2018-2022 lækki kynbundinn launamunur á vinnumarkaði úr 7,6% í innan við 4%.
- Árið 2022 hafi allir launagreiðendur með 25 eða fleiri starfsmenn öðlast jafnlaunavottun.

Í maí 2017 var fyrsta framgangsskýrsla stjórnarsáttmálans lögð fyrir ríkisstjórn. Þar var farið yfir framgang mála á fyrstu mánuðum kjörtímabilsins.



Samhæfingarþáttur

Samhæfing verkefna á milli ráðuneyta er mikilvægur þáttur í vinnu allra skrifstofa ráðuneytisins. Þessi verkþáttur tekur sífellt meiri tíma þar sem stjórnsluverkefni eru stöðugt að taka til fleiri ráðuneyta. Sem dæmi um mál sem unnin voru árið 2017 eru:

- Sameiginleg stoðþjónusta Stjórnarráðsins
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
- Loftlagsmál – sameiginleg forysta með umhverfis- og auðlindaráðuneyti
- Nýr vefur Stjórnarráðsins
- Önnur mál, svo sem byggðamál og málefni ferðaþjónustu
- Innleiðing á nýjum ferli um meðferð stjórnarfrumvarpa sem samþykktur var af ríkisstjórn

Auk þessa eru ýmis smærri mál sem koma upp og leiða til eins eða fleiri funda á milli nokkurra ráðuneyta, oft í tengslum við ráðherranefnd um samræmingu mála. Þessi verkþáttur er umfangsmikill en tíminn til að sinna honum er oft af skornum skammti.

Stöðugleikasjóður / Þjóðarsjóður

Forsætisráðherra skipaði í febrúar 2017 sérfræðingahóp um stofnun stöðugleikasjóðs sem ætlað er að halda utan um arð af orkuauðlindum í eigu ríkissjóðs, tryggja komandi kynslóðum hlutdeild í ávinningi af sameiginlegum auðlindum og vera sveiflujafnandi fyrir efnahagslífið.

Markmiðin lúta því einkum að sveiflujöfnun, varúðarsjónarmiðum og sjálfbærni opinberra fjármála. Horft er til þess að hlutverk slíks stöðugleikasjóðs verði að byggja upp þjóðhagslegan sparnað með því að taka við og ávaxta fjárhagslegar eignir ríkissjóðs sem til hans eru lagðar og að ráðstafa fjármunum til ríkissjóðs í samræmi við ákvæði laga.

Fjármögnun sjóðsins verði með þeim hætti að til hans verði ráðstafað fjárhagslegum arði ríkisins af orkuauðlindum, eftir atvikum í formi afnotagjalda, arðgreiðslna orkufyrirtækja, verðbréfa tengd orkufyrirtækjunum eða í öðru formi.



Endurskoðun á ramma peningastefnu

Í mars 2017 skipaði forsætisráðherra þriggja manna nefnd til að endurskoða ramma peningastefnu. Markmið endurskoðunarinnar var að finna þann ramma peninga- og gjaldmiðilsstefnu sem til lengri tíma litið gæti talist heppilegastur til að styðja við efnahagslegan og fjármálalegan stöðugleika með tilliti til hagvaxtar, verðbólgu, vaxta, gengis og atvinnustigs. Í endurskoðuninni var núverandi peningastefna metin, greint hvaða umbætur væri hægt að gera að því gefnu að halda skuli í megin-einkenni núverandi peningastefnu sem byggja á verðbólguþéttumarkmiði. Aðrir valkostir voru greindir við peningamálastjórnun, svo sem útfærslur á gengismarkmiði, t.d. með hefðbundnu fastgengi eða fastgengi í formi myntráðs.

Í nefndinni eiga sæti dr. Ásgeir Jónsson hagfræðingur, Ásdís Kristjánsdóttir hagfræðingur og Illugi Gunnarsson hagfræðingur og fyrrverandi ráðherra. Nefndin lauk störfum í júní 2018.

Lífeyrissjóðshópur

Forsætisráðherra, í samráði við ráðherranefnd um efnahagsmál, skipaði í júní 2017 starfshóp til að skoða hlutverk lífeyrissjóða í uppbyggingu atvinnulífs. Starfshópurinn fékk það hlutverk að skoða hvaða efnahagslegu og samkeppnislegu hættur fælust í víðtækum eignarhlut lífeyrissjóða í atvinnufyrirtækjum. Einnig hvort æskilegt væri að setja reglur eða gera lagabreytingar um eignarhald og aðkomu lífeyrissjóða að stjórnun atvinnufyrirtækja í þeim tilgangi að draga úr áhættu sjóðanna og tryggja um leið samkeppni á markaði.

Í starfshópnum áttu sæti Gunnar Baldvinsson, formaður, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins, Áslaug Árnadóttir, lögmaður og Eggert Benedikt Guðmundsson, verkfræðingur.

Starfshópurinn lauk störfum í lok ársins og skýrsla um umsvif lífeyrissjóða í íslensku efnahagslífi, ásamt greinargerð frá Hagfræðistofnun og álitgerð frá Landslögum – lögfræðistofnu um samkeppnisleg áhrif af víðtæku eignarhaldi lífeyrissjóða í atvinnulífinu, var gefin út í ársbyrjun 2018.



Gæði lagasetningar

Á skrifstofu löggjafarmála voru þrjú starfsmenn í yfirllestri stjórnarfrumvarpa og þingsályktunartillagna á árinu 2017. Að lestrinum koma einnig fjórir lögfræðingar skrifstofunnar og hefur hver þeirra umsjón með ákveðnum málaflokkum.

Árið 2017 bárust skrifstofunni:

110 frumvörp til yfirllestrar, alls 1.384 bls.

27 þingsályktunartillögur alls 347 bls.

Voru því lesnar 1.731 bls. á skrifstofu löggjafarmála árið 2017. Þess má geta að stysta frumvarpið var ein blaðsíða og fjallaði um fjölda fulltrúa í sveitarstjórnnum, en það umfangsmesta, 67 blaðsíður, snerist um réttindi og skyldur vegna útsendra starfsmanna. Framangreindar tölur eru byggðar á ársyfirliti en ekki fjölda skjala á hverju löggjafarþingi.

Bygging á Stjórnarráðsreit og viðbygging

Í samræmi við þingsályktun um hvernig minnst skuli aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands annast forsætisráðuneytið samkeppni um hönnun og útlit Stjórnarráðsbyggingar og skipulags á Stjórnarráðsreit. Í samræmi við orðanna hljóðan í þingsályktuninni hefur verið undirbúin opin samkeppni meðal arkitekta um skipulag á Stjórnarráðsreit og hönnun viðbyggingar við Stjórnarráðshúsið.

Í samræmi við framangreint er stefnt að markvissri uppbyggingu skrifstofuhúsnæðis á Stjórnarráðsreitnum þar sem hægt verður að tryggja ráðuneytum og stofnunum ríkisins hentugt húsnæði í eigu ríkisins. Þar verður hægt að skapa framsækinn vinnustað með hagræði og sveigjanleika í huga. Til þess að leysa áralangan húsnæðisvanda forsætisráðuneytisins, sem að hluta til hefur verið í ótryggu leiguhúsnæði, er stefnt að viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið svo að unnt sé að nýta hina sögulega byggingu áfram sem aðsetur forsætisráðuneytis, fundarstað ríkisstjórnar Íslands, ráðherranefnda og móttökustað fyrir erlenda þjóðhöfðingja og gesti. Við hönnun byggingarinnar verður horft til hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og vistvænnar hönnunar. Í samræmi við það verður m.a. litið til orkunýtni og efnisvals og lögð áhersla á að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif í öllu ferlinu.



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkjanna í september 2015 og tóku gildi í byrjun árs 2016. Markmiðin eru 17 talsins, með 169 undir-
markmiðum og ber öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna að vinna skipulega að innleiðingu þeirra, bæði innanlands og í alþjóðasamstarfi, fram til ársins 2030. Fimm meginþemu markmiðanna eru mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf en með þeim er jafnframt lögð áhersla á allar þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar; hina félagslegu, efnahagslegu og umhverfislegu.

Á árinu 2017 var sett á fót verkefnastjórn um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem leidd er af forsætisráðuneytinu í nánú samstarfi við utanríkisráðuneytið. Auk þeirra ráðuneyta eiga velferðarráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið og umhverfis- og auðlindaráðuneytið einnig sæti í verkefnastjórninni ásamt fulltrúa frá Hagstofu Íslands. Til að tryggja gott samráð og samstarf innan stjórn-sýslunnar eiga tengiliðir annarra ráðuneyta ásamt áheyrnarfulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga jafnframt sæti á fundum verkefnastjórnarinnar og taka virkan þátt í vinnunni. Verkefnastjórnin hófst um miðbik ársins handa við að ljúka greiningarvinnu á stöðu Íslands gagnvart markmiðunum 169 og mælikvörðum sem liggja þeim til grundvallar. Samhliða þeirri vinnu var samið við Stofnun Sæmundar Fróða við Háskóla Íslands um að leggja mat á gæði fyrirbyggjandi gagna og mælikvarða ásamt því að leggja fram tillögur að aðferðafræði við forgangsroðun markmiðanna.

Stöðuskýrsla var lögð fyrir ríkisstjórn í júní 2018 og 65 forgangsmarkmið ákveðin.

Verkefnastjórnin vann einnig á árinu að kynningar-
málum tengdum markmiðunum og leitaði leiða til að tryggja aðkomu lykilhagsmunaaðila að verk-
efninu. Ráðist var í kynningarherferð um Heimsmark-
miðin á öllum helstu fréttá- og samskiptamiðlum
landsins á vormánuðum þessa árs og bar
yfirskriftina „flytjum góðar fréttir árið 2030“. Þá var á vormánuðum árið 2017 stofnað
ungmennaráð Heimsmarkmiða Sameinuðu
þjóðanna með tólf fulltrúum á aldrinum 13 til 18
ára. Ungmennaráðið mun funda reglulega yfir
árið um markmiðin, þ.á m. árlega með ríkisstjórn.
Meginmarkmið ungmennaráðsins er að vekja
athygli á Heimsmarkmiðunum meðal almennings en
jafnframt að veita stjórnvöldum aðhald og ráðgjöf
við innleiðingu þeirra.

Sjá nánar um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og innleiðingu þeirra á heimsmarkmidin.is.



Þjóðlendur

Í lögum nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta er fjallað um hvernig fara skuli með þjóðlendur. Þar með taldar eru leyfisveitingar vegna nýtingar lands og landsréttinda innan þeirra og meðferð þess fjár sem fellur til og tengist þeirri nýtingu. Forsætisráðherra fer með þau verkefni sem almennt falla í hlut landeigenda að fjalla um og sinnir jafnframt öðrum stjórnsýsluskuldum, lögum samkvæmt.

Á árinu 2017 barst ráðuneytinu 141 erindi vegna þjóðlendna og eru þau helstu:

- Fimm óskir um gerð grunnsamkomulags um lóðir innan þjóðlendna
- 15 umsagnir um skipulagstillögur
- 17 um gerð lóðaleigusamninga og tengd erindi
- 10 umsóknir um stofnun þjóðlendna í fasteignaskrá
- 11 beiðnir um aðgang að kortaþekjum tengdum nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendna
- 16 erindi tengd afmörkun skála

Vinna við mótun eigendastefnu hefur staðið yfir um nokkurt skeið og er ekki lokið. Ætlunin er að ljúka vinnu við gerð eigendastefnu á árinu 2018 og að hún taki gildi í upphafi árs 2019.





Stofnanir forsætisráðuneytis

Hagstofa Íslands

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar og vinnur að söfnun gagna, úrvinnslu og birtingu tölfræðilegra upplýsinga um landshagi Íslands og þjóðfélagsleg málefni. Hagstofan skiptist í fjögur svið, efnahagssvið, félagsmálasvið, fyrirtækjasvið og rekstrarsvið. Málefni Hagstofunnar voru flutt frá forsætisráðuneyti til fjármála- og efnahagsráðuneytis í janúar 2017. Þau voru síðan flutt aftur til forsætisráðuneytisins í árslok.

Umboðsmaður barna

Hlutverk umboðsmanns barna er skilgreint í lögum nr. 83/1994 um embættið. Meginhlutverk umboðsmanns barna er að vinna að bættum hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra. Honum er ætlað að vekja athygli á réttinda- og hagsmunamálum barna almennt, jafnt á opinberum vettvangi sem og hjá einkaaðilum, vinna að því að tekið sé tillit til hagsmuna barna við lagasetningu, ákvarðanatöku og skipulagningu í þjóðfélaginu, að hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu um málefni barna en með hliðsjón af hinu almenna hlutverki sínu, þ.e. að tryggja bættan hag barna almennt. Þá er umboðsmanni barna ætlað að koma með tillögur til úrbóta á réttarreglum og fyrirmælum stjórnvalda, sem varða börn sérstaklega og stuðla að því að virtir

séu þeir þjóðréttarsamningar sem snerta réttindi og velferð barna og Ísland er aðili að.

Umboðsmaður barna er Salvör Nordal og var hún skipuð í júlí 2017 til fimm ára. Í kjölfar skipunar nýs umboðsmanns var unnin ný stefna fyrir embættið sem kynnt var í byrjun árs 2018.

2017:

- 1.437 erindi alls, 580 skrifleg og 857 munnleg
- 143 erindi voru frá börnum
- 25% af erindum á árinu voru vegna forsjár- og umgengismála

Óbyggðanefnd

Óbyggðanefnd er sjálfstæð stjórnslunefnd sem starfar á grundvelli laga nr. 58/1998 og hefur það hlutverk að kanna og skera úr um hvaða landsvæði teljast til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra sem og eignarlanda, skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og loks að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Óbyggðanefnd hefur lokið umfjöllun um tæplega 82% af flatarmáli landsins alls, þar af tæplega 99% af miðhálandinu eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi. Er niðurstaðan sú að rúmlega 44% lands sem nefndin hefur lokið meðferð á telst til þjóðlendna en tæplega 56% eru eignarlönd, að teknu tilliti til dóma Hæstaréttar. Af þeim hluta miðhálandisins sem nefndin hefur lokið meðferð á eru tæplega 86% þjóðlendur en rúmlega 14% eignarlönd.



Embætti ríkislögmans

Embætti ríkislögmans starfar á grundvelli laga nr. 51/1985. Helstu verkefni embættisins eru rekstur dómsmála fyrir ríkið og stofnanir þess. Er þar aðallega um að ræða vörn einkamála fyrir dómstólum og eftir atvikum gerðardóma, en einnig að annast sókn þeirra mála sem ríkið höfðar á hendur öðrum. Ríkislögmaður fer einnig með uppgjör bótakrafna sem beint er að ríkinu og auk þess geta ráðherrar óskað lögfræðilegs álits hans um einstök málefni og aðstoðar hans við vandasama samningagerð.

2017:

- 376 mál:
190 málum lauk með dómi eða réttarsátt
- 270 bótakröfur:
130 kröfur voru afgreiddar á árinu
- 157 tryggingabótakröfur:
108 voru afgreiddar á árinu
- 30 álitsgerðir fyrir ráðuneyti

Seðlabanki Íslands

Í janúar 2017 voru málefni Seðlabanka Íslands flutt til forsætisráðuneytis. Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Meginmarkmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi og öðrum verkefnum sem tilgreind eru í lögum um Seðlabanka Íslands.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál er starfrækt á grundvelli upplýsingalaga nr. 140/2012 og er ætlað að leysa úr ágreiningsmálum um aðgang almennings að upplýsingum hjá stjórnvöldum. Nefndin er sjálfstæð og óháð stjórnarsýslunefnd sem skipað er til hliðar við hið almenna stjórnkerfi ríkis og sveitarfélaga.

Nefndinni bárust 84 erindi á árinu 2017 og lauk úrskurðum í 48 kærumálum. Málsmeðferðartími nefndarinnar var að meðaltali 210 dagar frá kæru til úrskurðar en var 391 dagar árið 2016 og 296 dagar árið 2015.

4 Rekstrarniðurstöður


Á árinu 2017 heyrðu eftirfarandi málefnasvið undir forsætisráðherra:

- **03** Æðsta stjórnarsýsla, í heild sinni

Ráðherra á einnig eftirfarandi hlutdeild í öðrum málefnasviðum:

- **02** Hæstiréttur, sbr. launaliður hæstaréttardómara í málaflokki 2.1.
- **09** Almanna- og réttaröryggi, sbr. óbyggðanefnd og ríkislögmaður í málaflokki 9.3.
- **18** Menning og listir, sbr. Hrafseyri við Arnarfjörð í málaflokki 18.1.
- **29** Fjölskyldumál, sbr. umboðsmaður barna í málaflokki 29.4.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið gerir grein fyrir rekstrarniðurstöðu og framgangi hjá Hagstofu Íslands á árinu 2017.



Í ársskýrslum ráðherra eru niðurstöður sýndar sem gjöld að frádregnum rekstrartekjum. Hins vegar eru uppgjörstölur í frumvarpi til fjárlaga birtar með þeim hætti að afskriftir ársins eru dregnar frá útgjöldum málefnasviða og málaflokka og fjárfestingum ársins bætt við, en með því fæst skýrari samanburður við fjárheimildir samkvæmt fjárlögum.



Málefнасvið og málaflokkar, frávik

Í töflunni hér á eftir má sjá þá málaflokka sem forsætisráðherra ber ábyrgð á, ásamt hlutdeild ráðherra í þeim málaflokkum þar sem ábyrgð skiptist á milli fleiri ráðherra. Taflan sýnir raungjöld, rekstur og tilfærslur í m.kr. að frádregnum rekstrartekjum í samanburði við áætlanir ársins 2017, ásamt uppsöfnuðum frávikum fyrri ára.

Tafla 1: Rekstur – málefнасvið og málaflokka

Málaflokkar	Raun	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Uppsafn frávik	Frávik %
02 - Dómstólar	267	259	8	3,1%	0	8	3%
0210 - Hæstiréttur	267	259	8	3,1%	0	8	3%
03 - Æðsta stjórnarsýsla	1.981	1.937	44	2,3%	88	-45	-2%
0310 - Embætti forseta Íslands	330	307	23	7,4%	-2	24	8%
0320 - Ríkisstjórn	656	619	37	5,9%	0	37	6%
0330 - Forsætisráðuneyti	996	1.011	-16	-1,5%	90	-105	-10%
09 - Almanna- og réttaröryggi	265	252	13	5,2%	31	-18	-7%
0930 - Ákærvald og réttarvarsla	265	252	13	5,2%	31	-18	-7%
18 - Menning og listir	18	18	0	1,8%	0	0	2%
1810 - Safnamál	18	18	0	1,8%	0	0	2%
29 - Fjölskyldumál	50	52	-2	-3,3%	3	-5	-10%
2940 - Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	50	52	-2	-3,3%	3	-5	-10%

Málaflokkar

Alls námu heildarútgjöld, gjöld og fjárfesting, þeirra málaflokka sem forsætisráðuneytið ber ábyrgð á 2.581,0 m.kr. árið 2017, áætlun ársins gerði ráð fyrir að heildarútgjöldin á árinu yrðu 2.517,6 m.kr. Endanleg útkoma var því 63,4 m.kr umfram áætlun eða sem nemur um 2,5%.



Skýring á helstu frávikum málaflokka eru eftirfarandi:

Málefnasviðið 03 Æðsta stjórnarsýsla var samtals 44 m.kr. yfir áætlun, eða sem nemur 2,3%.

Frávik í málaflokki 03.1 Embætti forseta Íslands nam 23 m.kr. umfram áætlunir, eða 7,4% sem skýrist einkum af því að umsvif í starfsemi embættisins árið 2017 reyndust meiri en rekstrar-áætlun gerði ráð fyrir. Í fyrsta lagi skýrist það helst af auknum launakostnaði m.a. vegna breytinga á lífeyrisgreiðslum sem leiðir af lögum nr. 12/2009 og þá voru lög nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara afnumin. Í öðru lagi vegna aukins kostnaðar við opinberar heimsóknir forseta til Danmerkur, Noregs og Færeyja á árinu ásamt hefðbundnum orðuskiptum og orðukaupum sem fylgja slíkum heimsóknum til nágrannaríkja á Norðurlönd-

um. Að auki var um að ræða endurnýjun á húsbúnaði og innréttingum á Bessastöðum og Staðastað en einnig festi embættið kaup á bifreið.


Frávik málaflokks 03.3 Forsætisráðuneyti var 16 m.kr. innan áætlunar, eða 1,5%.

Undir málaflokki 09.3 Ákærvald og réttarvarsla fellur starfsemi ríkislögmans og óbyggðanefndar sem heyra undir forsætisráðuneytið. Frávik námu 13 m.kr. eða 5,2% umfram áætlunir. Ónotuð fjárheimild frá árinu 2016 er nýtt til að mæta þeim frávikum.

Frávik í málaflokki 18.1 Safnamál sem heyrir undir forsætisráðuneyti hvað varðar Hrafnseyri við Arnarfjörð eru samkvæmt áætlun.



Frávikagreining ríkisaðila og verkefna





5 Ávinningur af ráðstöfun fjármuna

Hér á eftir er yfirferð yfir stöðu þeirra markmiða, mælikvarða og aðgerða sem voru á ábyrgð forsætisráðherra í frumvarpi til fjárlaga 2017.

Notaður er eftirfarandi þriggja bila litakvarði til að sýna stöðu aðgerðar í árslok 2017:
Aðgerð lokið Aðgerð hafin Aðgerð ekki hafin

Málefnasvið 3: Æðsta stjórnarsýsla

Á málefnasviði 3 eru þrjú málaflokkar; 3.1. Embætti forseta Íslands, 3.2. Ríkisstjórn, sem er launaliður ríkisstjórnarinnar og 3.3 Forsætisráðuneyti. Ekki liggur fyrir stefnumótun fyrir embætti forseta Íslands. Fjárheimildir málaflokks 3.2. eru eingöngu nýttar til greiðslu launa fyrir ráðherra og aðstoðarmenn. Þau markmið sem sett voru fram á málaflokki 3.3. Forsætisráðuneyti í frumvarpi til fjárlaga 2017 voru eftirfarandi:

1. **Treysta faglega umgjörð um störf ríkisráðs, ríkisstjórnar, ráðherranefnda og forsætisráðherra**
2. **Að auka gagnsæi og gæði við undirbúning löggjafar, stefnumótun og áætlanagerð**
3. **Tryggja jafnvægi í rekstri forsætisráðuneytisins og framtíðarhúsnæði ráðuneyta Stjórnarráðsins**

Hér á eftir verður fjallað um framgang markmiða í málaflokki 3.3 Forsætisráðuneyti.



Framgangur og staða markmiða í málaflokki 3.3 Forsætisráðuneyti

Markmið 1: Treysta faglega umgjörð um störf ríkisráðs, ríkisstjórnar, ráðherranefnda og forsætisráðherra

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Staða 2015	Viðmið 2017	Staða í árslok 2017
Endurskoðun á handbók ríkisráðs		Endurskoðun lokið	Drög að endurskoðaðri handbók liggja fyrir
Bætt nýting á fundakerfi ríkisstjórnar fyrir mál sem lögð eru fyrir ríkisstjórn	Viðmið ekki til staðar	Viðmið sett	Unnið að skilgreiningu árangursvísa

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Staða í árslok 2017
Endurskoðun handbókar ríkisráðs	2017	FOR	Drög að endurskoðaðri handbók liggja fyrir
Þróun á rafrænu fundakerfi ríkisstjórnar	2017	FOR	Rafrænni tengingu fundakerfis við skjalakerfi Alþingis komið á til að halda utan um framgang stjórnarfrumvarpa eftir að þau hafa verið lögð fram á Alþingi



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

EFNI

Smellið á efnisflokk til að skoða nánar

Markmið 2: Að auka gagnsæi og gæði við undirbúning löggjafar, stefnumótun og áætlanagerð

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Staða 2015	Viðmið 2017	Staða í árslok 2017
Hlutfall stjórnarfrumvarpa sem verða að lögum og hafa verið til samráðs (sem drög eða fyrr í vinnsluferlinu) á vef ráðuneyta og hafa að geyma fullnægjandi umfjöllun um úrvinnslu samráðs	Hlutfall stjórnarfrumvarpa sem verða að lögum og hafa verið til samráðs (sem drög) á vef ráðuneyta: 22%	40% af stjórnarfrumvörpum sem verða að lögum í opnu samráði í samráðsgátt í lok 2017	37% af stjórnarfrumvörpum sem urðu að lögum í opnu samráði á vefsíðu ráðuneyta (sameiginleg samráðsgátt opnuð í febrúar 2018)
Bætt nýting á fundakerfi ríkisstjórnar fyrir mál sem lögð eru fyrir ríkisstjórn	Viðmið ekki til staðar	Viðmið sett	Í vinnslu
Hlutfall stjórnarfrumvarpa þar sem mat á nauðsyn (áform um lagasetningu) hefur farið fram áður en samning frumvarps hefst.	Viðmið ekki til staðar	Viðmið sett	Í vinnslu
Hlutfall þeirra sem telja þekkingu á stefnumótun innan Stjórnarráðsins viðunandi	Í skýrslunni "Staða stefnumótunar og áætlanagerð innan Stjórnarráðsins – Könnun meðal stjórnenda og sérfræðinga í ráðuneytum" kemur fram að 57% (samtals) töldu þekkingu á stefnumótun innan ráðuneytisins vera í meðallagi, frekar viðunandi og mjög viðunandi	65% telji þekkingu á stefnumótun í meðallagi, frekar viðunandi eða mjög viðunandi	Samkvæmt könnun töldu 81% þekkingu á stefnumálum í meðallagi, frekar viðunandi eða mjög viðunandi
Hlutfall stefna og áætlana sem eru í meðallagi eða betri að gæðum		90% telji stefnur og áætlanir í meðallagi eða betri að gæðum	Smakvæmt könnun töldu 85% stefnur og áætlanir í meðallagi eða betri að gæðum



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

EFNI

Smellið á efnisflokk til að skoða nánar

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Staða í árslok 2017
Þróun og samhæfing vinnuferla ráðuneyta við undirbúning frumvarpa, stefnumótun og áætlanagerð	2017-2019	FOR	<p>Í samþykkt ríkisstjórnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og stjórnartil-lagna, sbr. reglur um starfshætti ríkisstjórnar, er að finna aukna áherslu á stefnumótun og undirbúning lagasetningar, sbr. einkum „Áform um lagasetningu“ og meðfylgjandi frummat á áhrifum sem ráðuneyti eiga að vinna áður en byrjað er að semja frumvarp. Jafnframt felur samþykktin í sér aukna áherslu á innra og ytra samráð, m.a. þannig að opið samráð við almenningu um áform-aða lagasetningu og drög að lagafrum-vörpum er skýr meginregla.</p> <p>Í nóvember 2017 var gefinn út “Leiðarvísir um undirbúning og vinnslu stjórnarfrum-varpa”. Leiðarvísirinn er settur fram sem „fasahjálpi“ fyrir frumvarpsmál í málaskrár ráðuneyta og endurspeglar feril stjórnar-frumvarpa, allt frá valkostagreiningu til endurstaðfestingar laga í ríkisráði. Markmiðið er að stuðla að samræmdu vinnulagi í öllum ráðuneytum</p>
Endurskoðun handbókar um vinnslu frumvarpa	2017	FOR	Í vinnslu
Reglubundin könnun á stöðu stefnumótunar og áætlanagerðar innan Stjórnarráðsins	2017, 2019	FOR	Könnun varð gerð 2017
Uppfærsla handbókar um stefnumótun og áætlanagerð	2017-2018	FOR	Endurskoðun á handbókinni mun hefjast á fjórða ársfjórðungi 2018 en uppfæra þarf hana í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á stefnumótun ríkisins með tilkomu laga um opinber fjármál
Námskeið haldin um undirbúning löggjafar, stefnumótun og áætlanagerð	2017-2019	FOR	Námskeið um stefnumótun og áætlanagerð voru haldin 2017



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

EFNI

Smellið á efnisflokk til að skoða nánar

Markmið 3: Tryggja jafnvægi í rekstri forsætisráðuneytisins og framtíðarhúsnæði ráðuneyta Stjórnarráðsins

Mælikvarðar fyrir markmið 3	Staða 2015	Viðmið 2017	Staða í árslok 2017
Ný Stjórnarráðsbygging rís		Hönnun í gangi	Undirbúningur stóð yfir á árinu 2017 en hönnun hófst þó ekki fyrr en á árinu 2018 með hönnunarsamkeppni
Gjöld sem hlutfall af fjárveitingum yfirstandandi árs		100%	Markmiði náð, gjöld sem hlutfall af fjárveitingum voru 90% á árinu 2017

Aðgerðir sem styðja við markmið 3	Tímaáætlun aðgerðar	Staða í árslok 2017
Hönnun og bygging framtíðarhúsnæðis fyrir ráðuneyti Stjórnarráðsins	2017-2022	Framkvæmda-og hönnunarsamkeppni árið 2018 í samræmi við þingsályktunartillögu sem Alþingi samþykkti um hvernig minnst skuli aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands
Auknar fjárveitingar til reksturs ráðuneytisins	2017	Aðgerð lokið



Málefnasvið 9: Almanna- og réttaröryggi

Málaflokkur 9.3: Ákærvald og réttarvarsla

Markmið 1: Aðgangur að réttarvörsluferfinu sé greiður, málsmeðferð réttlát og mannréttindi virt í hvívetna

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Staða 2015	Viðmið 2017	Staða í árslok 2017
Hlutfall landsvæða sem óbyggðanefnd hefur úrskurðað um	9/18 svæðum lokið	12 af 18 svæðum lokið	10 af 17 svæðum lokið og vinna við 11. svæðið langt komin
Unnið að mælikvörðum fyrir ákærvaldið og ríkislögmann		Mælikvarðar settir	Mælikvarðar hafa ekki verið settir

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Staða í árslok 2017
Efling á starfsemi ríkislögmanns um eitt stöðugildi	2017	Ríkislögmaður	Embættið var styrkt um eitt stöðugildi lögmanns á árinu 2017

Með styrkingu embættis ríkislögmanns í fjárlögum 2017 náðist betra jafnvægi á málafjölda á hvern lögmann. Hins vegar er fjöldi mála á lögmann einungis einn mögulegur mælikvarði og takmarkaður að því leyti að hann tekur ekki til umfangs mála. Þróunin hefur verið sú að málin eru þyngri og tímafreakari en áður. Nánari upplýsingar um málafjölda hjá embættinu má sjá í umfjöllun um starfsemi embættisins fyrr í þessari skýrslu.

Hvað óbyggðanefnd varðar hefur svæðaskipting og þar með fjöldi svæða breyst síðan viðmið í töflunni var ákveðið. Upphaflega skipti óbyggðanefnd landinu í ellefu svæði en síðar var sumum þeirra skipt í smærri einingar þannig að svæðin urðu alls 16. Auk þess er ráðgert að fjalla um eyjar og sker umhverfis landið sem 17. svæðið. Um tíma var ráðgert að skipta einu svæði til viðbótar í tvennt og mælikvarði um 18 svæði er frá þeim tíma. Nánari upplýsingar um stöðu þjóðlendumála á landinu öllu má finna á vefsíðu óbyggðanefndar:

https://obyggdanefnd.is/stada_tjodlendumal/



Málefnasvið 29: Fjölskyldumál

Málaflokkur 29.4: Annar stuðningur við fjölskyldur og börn

Markmið 1: Lögð verði áhersla á fræðslu, aðgengi að þjónustu og úrræðum í nærumhverfi barna og unglinga

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Staða 2015	Viðmið 2017	Staða í árslok 2017
Fjöldi erinda frá börnum til umboðsmanns barna	170	190	143
Hlutfall 5.-7. bekkjar sem þekkir BSSP vel skv. könnun Rannsóknna og greiningar	13%	23%	33%

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Staða í árslok 2017
Aukin kynning á embætti umboðsmanns barna og réttindum barna	2017-2019	Umboðsmaður barna	Kynning á embættinu og réttindum barna hefur verið aukin með ýmsum hætti

Erindum frá börnum hefur fjölgað jafnt og þétt á síðustu árum. Um mitt ár 2017 tók nýr umboðsmaður barna við embættinu. Fyrstu mánuðir fóru í að móta stefnu fyrir næstu ár og því fór minna fyrir kynningu á Barnasáttmála SP út í skólum landsins en árin þar á undan, sem kann að skýra að færri erindi bárust frá börnum. Almenn þekking barna á Barnasáttmálanum hefur þó vaxið ár frá ári. Í stefnu næstu ára er lögð áhersla á aukið frumkvæði embættisins í stefnumarkandi umræðu um málefni barna og sérstakar greiningar á þjónustu við börn út frá réttindum þeirra.